

Minnisblað

Vegna fyrirspurnar um heimaþjónustu við eldri borgara.

Hvaða þjónusta stendur eldri borgurum til boða og hvort breytingar hafi orðið að undanfögnu? Eru það réttar upplýsingar að tímafjöldi hafi verið skertur um 25%? Hvar var sú ákvörðun tekin og hvenær?

Eldri borgurum í Hafnarfirði stendur til boða heimaþjónusta, meðal annars í formi aðstoðar við þrif. Svokallað innlit eða stuttar heimsóknir eru hluti af heimaþjónustunni bæði að degi til og um kvöld og helgar. Aðstoð við innkaup, heimsendur matur og mótuneyti ásamt akstursþjónustu eru einnig hluti af þjónustu sveitarfélagsins við eldri borgara. Auk þessa er rekin dagdvöl fyrir 8 einstaklinga á Sólvangi, Hafnarfjarðarbær fékk úthlutað þeim leyfum frá velferðarráðuneyti en reksturinn er á ábyrgð hjúkrunarheimilisins að Sólvangi. Ítrekað hefur verið óskað eftir því við ráðuneytið að fjölga plássum í dagdvölinni.

Við reglubundna endurskipulagningu á heimaþjónustu í ágúst 2014, var horft til vinnulags bæði í Svíþjóð og einnig í nágrannasveitarfélögum og tekin ákvörðun um að fækka þjónustutímum úr 2 klukkustundum í 1,5 klukkustund hálfsmánaðarlega. Lögð var áhersla á að skilja að þrif og félagslegan stuðning og leggja megin áherslu á það síðarnefnda. Var það mat umsjónarmanna þjónustunnar að hægt væri að fækka þjónustutímum í þrifum og leggja meiri áherslu á félagslegan stuðning. Var það byggt á þeirri reynslu að starfsmenn í heimaþjónustunni nýttu ekki að fullu þann tíma sem notendur greiddu fyrir. Reynslan sýndi s.s. að víða var nægilegt að gera ráð fyrir 1,5 klst. í þrif á heimilum. Á stærri heimilum eru þó 2 klukkustundir eins og áður og jafnvel 2,5 klukkustund ef þörf er á. Félagslegur stuðningur er að auki veittur eftir þörfum. Það eru því ekki réttar upplýsingar að um 25% skerðingu hafi verið að ræða hvað varðar tímafjölda. Á sumum heimilum er skerðing á tímalengd þrifa en lögð er meiri áhersla á aðra þætti heimaþjónustunnar. Ákvörðun þessi var tekin hjá umsjónarmönnum þjónustunnar með það í huga að veita sem besta þjónustu fyrir þennan hóp.

Þessi breyting hefur borið tilætlaðan árangur og fáar umkvartanir hafa borist.

Í janúar 2015 tók heimaþjónustan í notkun alþjóðlegt matstæki, svokallað Rai Home Care upphafsmat. Búið er að gera á annað hundrað mót og endurmöt í Hafnarfirði. Með Rai Home Care upphafsmatinu er umsækjandi metinn út frá færni og getu en ekki huglægu mati starfsmanns. Þetta hefur haft í för með sér að þeir umsækjendur sem eru í minnstri þörf hafa fengið synjun á þjónustu. Það ætti því að gefast meira rými fyrir þá umsækjendur sem eru í mikilli eða mjög mikilli þörf fyrir þjónustu. Það má því með sannni segja að með notkun Rai Home Care verður heimaþjónustan í auknum mæli félagsleg heimaþjónusta og síður þjónusta vegna þrifa.



Á fundi fjölskylduráðs þann 13. febrúar 2015 kynntu stjórnendur í öldrunarþjónustunni í Hafnarfirði stöðuna í málaflokknum og nýtt vinnulag. Einnig var Rai Home Care upphafsmatið kynnt fyrir ráðinu. Kynninguna frá fundinum er að finna á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar, undir fundargerð ráðsins.

Málefni eldri borgara er ört vaxandi málaflokkur hjá fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar. Mikilvægt er að tileinka sér ný viðhorf og ný vinnubrögð til að mæta vaxandi eftirspurn. Má þar nefna aukna samþættingu milli heimaþjónustu og heimahjúkrunar, velferðartækni o.fl. sem horft verður til á næstu misserum.

Hafnarfirði 2. nóvember 2015

Soffía Ólafsdóttir

Sjöfn Guðmundsdóttir